



Íslensk málnefnd

# Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2015

14. nóvember 2015

## Að alast upp á íslensku

- \* Í fjölmeningarsamfélagi nútímans er hætt við að íslenskan verði eign æ færri Íslendinga en aðrir verði utangarðs í menningunni.
- \* Um leið er hætta á að sumir málfarar nái aldrei nógu góðum tókum á íslensku ritmáli og verði því af auðlegð þess.
- \* Gæta þarf þess að íslenska sé almenningseign og að málfarar séu í tengslum við íslenskan menningararf.

## Staða og horfur

Ísland er nú fjölmeningarsamfélag. Ríflega 24 þúsund landsmanna (rúmlega 7%) eru innflytjendur (*Erlendir ríkisborgarar 1950–2015*). Árlegur fjöldi ferðamanna á landinu er nú yfir milljón á ári („Ferðamenn til Íslands“) og erlendir stúdentar í háskólanámi voru ríflega 1300 árið 2013 (*Nemendur ofan grunnskóla*) þannig að á hverjum tíma eru mörg tungumál töluð hér á landinu. Þessi þróun mun halda áfram og mikilvægt er að tryggja stöðu íslenskunnar í þessum nýja heimi. Þar er að mörgu að hyggja.

Það er óæskilegt að lítið samfélag greinist í marga menningarkima með tilheyrandi stéttaskiptingu og mannamun. Íslensk tunga er lykill að menningunni í landinu. Það getur valdið vandræðum ef einstaklingar og hópar verða utangarðs eins og viðbúið er í samfélagi þar sem innflytjendur eru margir og fer fjölgandi. Góður aðgangur að íslensku skiptir öllu máli til að koma í veg fyrir átök og stéttaskiptingu, bæði framboð á íslenskunámi og tækifæri vinnandi fólks til að verða sér úti um þá menntun. Kostnaður má ekki útiloka neina íbúa landsins frá íslenskri menningu og eins þarf íslenskunám að vera í boði sem víðast í tíma og rúmi til að það sé öllum aðgengilegt.

Annað áhyggjuefni er að stór hópur barna elst upp við talaða íslensku en án bóka og þess menningarauka sem þeim fylgir. Nokkuð ber á því að íslenskir málfarar eigi erfitt með að tjá sig í rituðu máli og þeir eiga jafnvel í vandræðum með að skilja íslenskar bókmenntir, ekki aðeins frá fyrri öldum heldur einnig frá síðari áratugum. Þegar svo er komið er hætt við að málfarar sem eru þó alfarið af íslensku bergi brotnir verði eigi að síður sem útlendingar andspænis eigin menningararfi. Við þessu verður ekki spornað nema með auknum lestri og meiri þjálfun í íslensku ritmáli.

Hörð samkeppni er um athygli barna og ungmenna í nútímamenningu. Í netheimum má finna fjölbreytt ókeypiss efni á ensku en ekki er sama aðgengi að íslenskum orðabókum, alfræðiritum og bókmenntum. Íslenska málsamfélagið er fámennasta fullburða málsamfélag í heiminum og hlýtur ekki verðugan sess á netinu án öflugs opinbers stuðnings.

### **Aðgerðir**

Það þarf mun meiri þrótt í íslenskunám fyrir nýja Íslendinga og leggja þarf sérstaka áherslu á að auka námsframboð og gæta þess að staðsetning eða kostnaður hamli ekki námi. Íslenskunám á einnig að vera í boði fyrir allan þann fjölda sem hér dvelur tímabundið, t.d. í háskólanámi. Afar varasamt er að hópur Íslendinga sé útilokaður frá íslenskri menningu vegna tungumálaörðugleika. Við því verður að sporna með öllum tiltækum ráðum. Þar má hvergi til spara.

Mikilvægt er að íslenska sé ekki heldur falin fyrir ferðamönnum. Nú þegar er staðan þannig að t.d. í miðbæ Reykjavíkur eru erlend mál ríkjandi. Samt er mikilvægt að verslun og þjónusta sé ekki eingöngu á erlendum tungum heldur sé íslenska sýnileg t.d. á matseðlum og í verslunum sem einkum þjóna ferðamönnum, ásamt þeim erlendu málum sem viðeigandi þykir að nota. Íslenskir málfarar þurfa að kappkosta að nota íslensku í öllum samskiptum þar sem það er viðeigandi og svara aldrei á öðrum málum manni sem reynir að tala íslensku. Brýnt er að skilti og aðrar merkingar á vegum og á ferðamannastöðum séu ævinlega á íslensku en að auki á öðrum tungumálum eftir þörfum. Erlendir ferðamenn eru hingað komnir vegna forvitni um land og þjóð; þá langar marga til að kynna íslensku og því er menningarauki fyrir bæði gesti og heimamenn að íslenska sé ekki í felum þegar þeir eru þjónustaðir. Leggja þarf áherslu á að með því að nota tungumálið í samskiptum við útlendinga séu þeir boðnir velkomnir en ekki útilokaðir.

Enn fremur þarf að huga að samhengi í tungumálinu. Tryggja þarf sess íslensku í tölvu- og netheimum (Eiríkur Rögnvaldsson, „Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi?“) og eins þarf að huga að tengslum málfara við íslenskan menningararf. Ef ekki verður stutt sérstaklega við bókmenntir ætlaðar 12–19 ára lesendum er hætt við að sá hópur myndi ekki samband við íslenskt ritmál. Ritþjálfun í skólakerfinu er ónóg í ljósi þessara aðstæðna, ekki síst á þessum aldri (sjá m.a. Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir, *Úttekt á ritunarkennslu*). Leggja þarf aukna rækt við bókmenntamálið íslensku. Ritun og stílþjálfun þurfa aukið vægi í stundaskrá ungmenna bæði á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Líta ber á ritþjálfun og ritunarkennslu sem sérstaka námsgrein, til viðbótar við það nám sem þegar fer fram í íslensku í málfræði og

bókmenntum. Þetta er mikilvægt fyrir allt frekara nám og til að viðhalda sambandi þjóðarinnar við íslensku sem ritmál. Það er nú í hættu.

Huga þarf sérstaklega að því að efla bókmenntir ætlaðar ungu fólki. Fáar ungmennabækur koma út ár hvert. Hætt er við að framboð á bókmenntum fyrir þennan aldurshóp verði fábrotið og einhæft. Þegar ber á því að lesefni á ensku sé ráðandi hjá ungmennum sem lesa mikið. Slíkum áhuga ber að fagna en jafnframt gæta þess að íslensk ungmenni missi þá ekki sambandið við íslenskt bókmenntamál þannig að t.d. Íslendingasögurnar og íslenskar skáldsögur frá fyrri hluta 20. aldar verði þeim framandi.

Rétt er að minna á að íslensk tunga er ekki aðeins ein námsgrein í skóla heldur undirstaða allrar menntunar málfaha sinna. Jón Sigurðsson sagði í grein sinni um skóla á Íslandi: „Aðalmeðalið til að halda því við sem numið er, er að kenna það sem flestum, og meðalið til að kenna það er málið, síðan ritið og seinast prentið“ („Um skóla á Íslandi“, 70). Ef aðgengi að íslensku, jafnt talaðri og ritaðri, er ójafnt, veikist lýðræði í samfélaginu. Í lýðræðissamfélagi þarf tungumálið að vera almannaæign.

#### Heimildir

- Eiríkur Rögnvaldsson, „Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi?“ *Hugrás* 29. október 2015. Vefur: <http://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafrenum-heimi>
- Erlendir nemendur í Háskóla Íslands*. Vefur: [http://www.hi.is/adalvefur/erlendir\\_nemendur\\_i\\_haskola\\_islands](http://www.hi.is/adalvefur/erlendir_nemendur_i_haskola_islands)
- Erlendir ríkisborgarar 1950–2015*. Talnaefni, Hagstofa Íslands, Reykjavík. Vefur: [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_mannfjoldi\\_3\\_bakgrunnur\\_Rikisfang/MAN04001.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Rikisfang/MAN04001.px/)
- „Ferðamenn til Íslands orðnir ein milljón á árinu.“ *Ferðamálastofa*, fréttir 7. okt. 2015. Vefur: <http://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdamenn-til-islands-ordnir-1-milljon-a-arinu>
- Íslenska til alls*. 2009. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. 2. útgáfa. Rit 44. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík, 2009. Aðgengilegt á vef Íslenskrar málnefndar, <http://islenskan.is>, og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, <http://www.menntamalaraduneyti.is/>.
- Jón Sigurðsson. 1842. „Um skóla á Íslandi“. *Ný félagsrit* 2:67–167.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>.
- Nemendur ofan grunnskóla eftir árum, skólastigi, ríkisfangi, námsviðum og kyni 1997–2013*. Talnaefni, Hagstofa Íslands, Reykjavík. Vefur: [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_skolamal\\_0\\_yfirlit/SKO00004.px/?rxid=5597bbd2-ddcf-44a6-8f6b-c6af8448a121](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_0_yfirlit/SKO00004.px/?rxid=5597bbd2-ddcf-44a6-8f6b-c6af8448a121).
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir. 2012 *Úttekt á ritunarkennslu í tólf grunnskólum*. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.